

SÖGUR AF STAFRÓFUM

PRÓUN FÖNÍSKA STAFRÓFSINS
Í LATNESKT OG ARABÍSKT STAFRÓF



FRUMSÍNAÍSKT/FRUMKANAANÍSKT TÁKNKERFI FÖNÍSKT STAFRÓF

Ein besta vísending um upphaf þróunar atkvæðarófa yfir í stafróf eru línulegar áletranir sem fundist hafa á Sinaiskaga og í Palestínu og eru frá fyrri hluta annarrar þúsaldar f.Kr. Þessar áletranir eru kenndar við landsvæðin tvö og talað er um þær sem frumsínaiskar og frumkanaanískar. Þær voru ritaðar á kanaanískri mállysku sem tilheyrði flokki vestursemiskra tungumála. Almenn er talið að táknkerfi áletrananna hafi borist frá Egyptalandi, þar sem mikil líkindi eru á milli þess og hieróglýfa Egypta en einnig vegna þess að bæði ritmál áttu það sameiginlegt að stafir þeirra báru heiti sem byrjuðu á tilheyrandi staf. Þó er grundvallarmunur á frumsínaisku og frumkanaanisku áletrunum annars vegar og egyptsku hieróglýfunum hins vegar. Egyptsku hieróglýfunar voru eins konar atkvæðaróf án skilgreindra sérhljóða en hins vegar var táknkerfi áletrananna á meðal fyrstu dæma um ritmál með tákn fyrir einstök hljóð.

Talið er fullvist að úr hinu línulega táknkerfi frumsínaisku og frumkanaanisku áletrananna hafi hið svokallaða föníska stafróf sprottið upp. Föníska stafrófið var nokkuð farsælt sem ritmál og hafði víða áhrif. Um það leyti sem járnöld Mið-Austurlanda gekk í garð, um 1200 f.Kr., óx og og dafnaði hið línulega abdsjad og skiptist í tvo meginflokka; annars vegar það nyrðra, oftast kallað föníska stafrófið, og hins vegar það syðra. Á þessum tíma var nyrðra abdsj-adið notað til þess að skrifa tungumál líkt fönísku sem hafði orðið fyrir hjóðbreytingum um sama leyti. Á 9.-8. öld f.Kr. hóf það að klofna í þrjú mismunandi ritmál sem urðu að eins konar þjóðarletrum: fönískt stafróf, sem varð tæplega fyrir breytingum, línulegt hebreskt stafróf og svo aramískt stafróf, sem var cinkar fjölbjóðlegt.

GRÍSKT STAFRÓF ETRÚSKT STAFRÓF LATNESKT STAFRÓF

Flest bendir til þess að Grikkir hafi lært stafrófið af Föníkiumönnum. Skiptar skoðanir eru á því hvenær föníska stafrófið barst til Grikklands en líklegt þykir að það hafi verið á 8. öld f.Kr. enda eru elstu dæmi um notkun Grikkja á stafrófinu frá því tímabili. Sá þáttur sem telja má til mestu framfara í þróun stafrófsins voru sérhljóðatáknin sem Grikkir fundu upp á. Þeir notuðu fönísk samhljóðatákn, sem þeir þurftu ekki á að halda í grísku máli, til þess að tákna sérhljóð og úr urðu sjö sérhljóðatákn. Með notkun fullgildra sérhljóðatákna varð í fyrsta skipti til „ekta“ stafróf, ólíkt abdsjadinu sem áður hafði verið notað.

Stafróf Grikkja barst til Italiuskaga þar sem Etrúrar hófu að nota það. Þeir aðlöguðu stafrófið að tungumáli sínu, etrúsku, svo úr varð etrúskt stafróf. Etrúska stafrófið var afkvæmi vesturgrískis stafrófs sem barst til Suður-Italíu með fyrstu Grikkjunum sem þar settust að. Þetta vesturgríska stafróf var ólíkt hinu jóníska stafrófi sem varð að staðalletri í Apenu og því erfið etrúska stafrófið einstök stafaform sem urðu ekki langlif í Grikklandi sjálfu. Stafróf Grikkja breyttist örliðið eftir komuna til Italíu fyrir þær sakir að Etrúrar þurftu ekki á öllum grísku stöfunum að halda og dattu þá nokkrir út. Etrúska var víða notuð af Etrúrum og öðrum þjóðflokkum í Etrúríu og á áhrifasvæðum etrúskrar menningar. Etrúskar áletranir ná fram til fyrstu aldar f.Kr. en um það leyti dó etrúskt ritmál út.

Latneska stafrófið er komið af gríska stafrófinu. Það voru þó Etrúrar sem höfu milligöngu um þessa þróun því af þeim lærðu Rómverjar stafrófið. Tilurð latneska stafrófsins sjálf er þó nokkuð flókin og erfitt að kortleggja þróun

LATNESKT STAFRÓF ARAMÍSKT STAFRÓF NABATÍSKT STAFRÓF

Þess vegna fjölda orsakabáttá. Fornlatneskar áletranir ná alla leið aftur á 6. og 7. öld f.Kr., um svipað leyti og etrúska stafrófið birtist fyrst. Þessar áletranir voru klappaðar í stein og báru sama línulega yfirbragð og ritmálin sem á undan komu. Þegar komið var fram á fyrstu öld f.Kr. höfðu áletranir Rómverja, sem meilaðar voru í stein, náð svo mikilli fágun og læsileika að formgerð þeirra hefur enst fram á okkar daga. Stafróf Rómverja breiddist út um Evrópu með auknum itökum Rómaveldis og lifði einnig af fall þess. Eftir það var stafrófið ennþá notað í fræðilegri og trúarlegri starfsemi. Þegar latína þróaðist svo út í aðgreind latnesk mál hélt stafrófið. Af latneska stafrófinu eru svo öll vesturevrópsku ritmálin komin.

Föníska stafrófið barst til Aramea, þjóðflokks sem talaði aramísku, norðursemískt tungumál sem skylt var fönísku og hebresku. Þessi tilfærsla varð einhvern tímunn á 11.–10. öld f.Kr. Aramíska stafrófið var tutugu og tveggja stafa abdsjad en þrátt fyrir að föníska stafrófið félli ekki fullkomlega að aramíska tungumálinu breyttist fjöldi stafa ekki. Smám saman fór aramíska stafrófið að taka á sig tvær ólíkar myndir, annars vegar formlegan skriftarstil og hins vegar sama léttiskrift sem er víða þekkt. Þrátt fyrir tilkomu léttiskriftarinnar náði aramískt ritmál að halda nær óhagganlegri einsleitni vegna alþjóðlegrar notkunar þangað til um öld eftir fall Persaveldis en það var síðasta heildstæða aflið sem hélt því við. Eftir það hóf tungu- og ritmálið að líðast í sundur og upp spruttu staðbundnar mállyskur og ritmál sem sum áttu eftir að verða afar langlif.

Nabatear hét arabískur þjóðflokkur. Þeir töluðu arabíska mállysku og höfðu eigið konungsríki sem stóð í blóma á fyrstu öld f.Kr. og þeirri fyrstu e.Kr.

NABATÍSKT STAFRÓF ARABÍSKT STAFRÓF

Miðpunktur ríkisins var borgin Petra sem í dag tilheyrir Jórdaníu. Frá fjórðu öld f.Kr. hófu Nabatear að nota aramískt tungumál og með því gerð aramískis ritmáls, sem kallað er nabatískt stafróf, á opinberum vettvangi. Dæmi um nabatíska stafrófið skildu þeir eftir sig á fjöldamörgum áletrunum sem ná aftur til annarrar aldar f.Kr. en á þeim má greina tvær tegundir skriftar, líkt og átti við um hið hefðbundna aramíska stafróf. Annars vegar var um að ræða formlega skrift og hins vegar léttiskrift. Á fyrstu fjórum öldunum e.Kr. varð formlega skriftin fyrir sífellt meiri áhrifum frá léttiskriftinni og jafnvel þótt ritað væri í stein héldu einkenni léttiskriftarinnar sér. Yngstu dæmi um nabatískt stafróf ná fram til ársins 355–356 e.Kr.

Á fyrri hluta fyrstu þúsaldar e.Kr. breiddist arabíska tungumálið til Palestínu, Jórdaníu og Sýrlands og hljóp í skarð aramísku og eldri arabískra mála sem þar höfðu verið töluð. Elstu textar sem hafa fundist skrifaðir á arabísku eru líklega frá miðri þriðju öld e.Kr. Þetta eru áletranir sem ritaðar eru með nabatíska stafrófinu í stein. Eins og segir hér að framan varð nabatísk skrift sífellt léttiskriftarlegri en hún endaði svo á því að þróaast í nýja gerð skriftar, sem smám saman varð að því ritmáli sem nú er kallað arabískt stafróf. Þessi þróun er þó ekki svo einföld því áhrif á arabíska stafrófið komu víða að. Það er t.d. líklegt að sýrisk skrautskrift hafi veitt Aröbum nokkurn innblástur. Það er t.d. afar líklegt að hún hafi líka haft áhrif á stafmerki og sérhljóðakerfi arabíska stafrófsins.

